

**Nd.**

## **57. Breytingartillögur**

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Frá Stefáni Stefánssyni og Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætast nýir liðir:
  - a. Á eftir C. 11. í sömu lagagrein kemur nýr liður:  
*Dagverðareyrravegur*: Af Norðurlandsvegi í Kræklingahlíð til Dagverðareyrrar.
  - b. Tölulið XXI. a. í lögum nr. 72 23. júní 1936 skal orða svo:  
*Svarfaðardalsvegur*: Frá Árgerði um Urðir yfir brýr á Svarfaðardalsá hjá Hreiðarsstöðum og Skiðadalsá hjá Hvarfi og síðan austan Svarfaðardalsár á Dalvíkurveg hjá Hrísum.
  - c. Tölul. XIV. b. í lögum nr. 109 14. maí 1940 skal orða svo:  
*Hörgárdalsvegur*: Frá vegamótum hjá Bægisá að Hörgárbrú í Skuggahvammi og þaðan um brú á Helguhyl vestan Hörgár á Hörgárbrú hjá Möðruvöllum.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: lögum nr. 72 23. júní 1936 og lögum nr. 109 14. maí 1940.